

Ár 2013, þriðjudaginn 27. ágúst 2013 kom stjórn SSNV saman til fundar að Borgarmýri 1, Sauðárkróki, kl. 11:20.

Mætt til fundar: Bjarni Jónsson, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson og Hanna Þrúður Þórðardóttir undir dagskrárliðum 1-12.

Þóra Sverrisdóttir undir dagskrárliðum 5, 6, 9, 10, 11, 12.

Katrín María Andrésdóttir ritaði fundargerð og sat fundinn undir dagskrárliðum 1-12.

#### **Dagskrá:**

1. Málefni fatlaðra – Sjá sérstaka fundargerð.
2. Starfsmannamál SSNV
3. 21. ársþing SSNV 18. – 19. október nk.
4. Skjalamál og skráningarverkefni
5. Almenningssamgöngur
6. Markaðsskrifstofa Norðurlands ses.
7. Vefsíða SSNV
8. Sóknaráætlun
9. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra
10. Ársskýrsla og ársreikningar 2013, fjárhagsáætlun 2014
11. Trúnaðarmál – sjá trúnaðarbók
12. Önnur mál
  - a) Bréf og fundargerðir
  - b) Lagafrumvörp-umsagnir
  - c) Northern Periphery Program, fundur um áherslur 2014-2020
  - d) Nordregio verkefni – gestir frá Færeyjum
  - e) Ársþing í öðrum landshlutum

#### **Afgreiðslur:**

**1. Málefni fatlaðra – Sjá sérstaka fundargerð stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra frá 27. ágúst 2013.**

#### **2. Starfsmannamál SSNV**

Laufey Kristín Skúladóttir hefur verið ráðin atvinnuráðgjafi á Sauðárkróki og mun leysa Katrínu Maríu Andrésdóttur af á meðan hún leysir framkvæmdastjóra af í námsleyfi. Hún hóf störf 1. ágúst 2013.

#### **3. 21. ársþing SSNV 18. – 19. október nk.**

Rætt var um undirbúning 21. ársþings SSNV en að þessu sinni fer þingið fram á Sauðárkróki. Undirbúningur er hafinn.

Ákveðið að auk hefðbundinna fundarstarfa verði umræður um ýmis þau málefni sem tengjast verkefnum sveitarfélaga með ungu fólki.

#### **4. Skjalamál og skráningarverkefni**

Framkvæmdastjóri kynnti áform um skjalaskráningarverkefni og fyrirkomulag málaskráninga.

Framkvæmdastjóra falið að afla nánari upplýsinga og gera kostnaðaráætlun um verkefnið. Verði niðurstaðan sú að ráðast í verkefnið mun það verða sett á fjárhagsáætlun 2014.

### **5. Almenningsamgöngur.**

Boðaður hefur verið fundur þann 12. september nk. með forsvarsfólki landshlutasamtaka sveitarfélaga og Strætó bs.

SSNV leggur áherslu á að sá forsendubrestur sem orðið hefur varðandi samninga um framlög til almenningsamgangna verði leiðréttur. Með því að fella niður afslátt á olíugjaldi vegna almenningsamgangna á landsbyggðinni hefur auknum kostnaði verið velt yfir á verkefnið í formi aukinnar skattheimtu ríkisins sem ekki var gert ráð fyrir við samningsgerðina. Þá hafa einkaleyfi sem landshlutasamtök tóku við á umsömdum akstursleiðum við samningsgerðina hvorki haldið, verið tryggð eða bætt með öðrum hætti. Hefur það komið niður á farþegatekjum á háannatímum þegar aðrir aðilar hafa séð sér hag í að halda úti farþegaakstri á sömu leiðum. Landshlutasamtökin veita hinsvegar þjónustu nær alla daga ársins, en ekki verður haldið úti slíkri þjónustu án sérstakra framlaga. Almenn ánægja hefur verið með þá auknu og bættu þjónustu sem verkefnið hefur alið af sér og þeim fjölgað til muna sem nýta sér þennan samgöngumáta. Verkefnið er mikilvægur liður í að styrkja búsetuskilyrði á Norðurlandi vestra. Það er því brýnt að finna varanlega lausn á rekstri og framkvæmd almenningsamgangna um svæðið með tengingu við aðra landshluta. Það er hinsvegar ljóst að landshlutasamtökin geta ekki haldið áfram með verkefnið nema að fyrirbyggjandi forsendubrestur verði leiðréttur og rekstrargrundvöllur tryggður.

Samþykkt var að greiða aukaframlag til SSV vegna rekstursins, sem tímabundið lán, þar til rekstrarframlög samkvæmt samningi, tekjur og leiðréttingar skila sér inn í verkefnið. SSV annast daglega umsjón með rekstri leiðar 57 frá Reykjavík til Akureyrar. Eðlilegt er að landshlutasamtökin sem þátt taka í samningi um leið 57 leggist á eitt að standa undir skyldum vegna verkefnisins svo SSV þurfi ekki að standa eitt fyrir því. Hluttur SSNV í leið 57 er í samningnum metinn 22,45%.

### **6. Markaðsskrifstofa Norðurlands ses.**

Lagðar voru fram fundargerðir Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi, dags. 10. júní 2013 og 2. júlí 2013. Þjónustusamningur við Markaðsskrifstofuna rennur út 31. desember 2013. Rætt um framhald samstarfsins, útfærslur í þeim efnunum og framlög til markaðssetningar og þróunarstarfa í ferðaþjónustu í landshlutanum. Vísað til næsta fundar.

### **7. Vefsíða SSNV**

Framkvæmdastjóri kynnti fyrirhugaðar breytingar varðandi vefsíðu SSNV, svo og gerð Facebook síðu fyrir SSNV.

### **8. Sóknaráætlun**

Lögð fram greinargerð um framkvæmd, stöðu og kostnað vegna Sóknaráætlunar landshlutans, dags. 19. ágúst 2013, sem send var Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Farið yfir stöðu þeirra sex verkefna sem unnið er að innan Sóknaráætlunar á svæðinu. Vinna að Sóknaráætlun og verkefnum hennar hefur gengið vel.

### **9. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra**

Stjórn SSNV hefur óskað eftir breytingum varðandi útfærslur og framkvæmd Vaxtarsamnings Norðurlands vestra við atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Ákveðið að stjórn og framkvæmdastjóri ljúki þeim viðræðum áður en til frekari úthlutunar kemur úr samningnum.

### **10. Ársskýrsla og ársreikningar 2013, fjárhagsáætlun 2014**

Lagðir fram til kynningar eftirfarandi ársreikningar fyrir árið 2013, undirritaðir af endurskoðanda, stjórn og kjörnum skoðunarmönnum:

- Ársreikningur fyrir SSNV atvinnuþróun
- Ársreikningur fyrir Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
- Ársreikningur fyrir Vaxtarsamning Norðurlands vestra
- Ársreikningur fyrir SSNV málefni fatlaðra
- Ársreikningur fyrir SSNV Menningarráð

Unnið er að gerð ársskýrslu fyrir árið 2012 og vinna við fjárhagsáætlun 2014 er að hefjast.

## 11. Trúnaðarmál – sjá trúnaðarbók

## 12. Önnur mál

a) Bréf og fundargerðir:

### **Bréf:**

a.1 Lagt fram til kynningar bréf frá Orkustofnun, undirritað af Bryndísi G. Róbertsdóttur, dagsett 26. júlí 2013 þar sem greint er frá norrænu samstarfi á sviði málma og jarðefna til iðnaðar.

a.2 Lagt fram til kynningar bréf frá Tilraunaverkefni um menntun í Norðvesturkjördæmi, undirritað af Vilhjálmí Egilssyni, dags. 12. ágúst 2013 þar sem verkefnið er kynnt og könnun sem áformuð er vegna þess.

a.3 Lagður fram tölvupóstur frá Hagsmunasamtökum heimilanna, undirritaður af Sigrúnu E. Egilsdóttur, dags. 19. ágúst 2013, þar sem óskað er eftir fjárstuðningi vegna starfsemi og málareksturs. Stjórn SSNV telur sér ekki fært að verða við erindinu.

a.4 Lagður fram tölvupóstur frá N4, undirritaður af Þorvaldi Jónssyni, dags. 19. ágúst 2013, þar sem þjónusta fyrirtækisins er kynnt. Stjórn SSNV ákveður að óska eftir nánari kynningu á þjónustunni.

### **Fundargerðir lagðar fram til kynningar:**

a.5 Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna og KÍ v/Félags tónlistarskólakennara, 59. Fundur, dags. 14. júní 2013.

a.6 Eyþing, 242. stjórnarfundur, dags. 17. maí 2013.

a.7 Eyþing, 243. stjórnarfundur, dags. 17. júlí 2013.

a.8 Fjórðungssamband Vestfirðinga, stjórnarfundur, dags. 7. júní 2013.

a.9 Fjórðungssamband Vestfirðinga, stjórnarfundur, dags. 20. júní 2013.

a.10 Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, 467. fundur stjórnar, dags. 30. maí 2013

a.11 Samband sveitarfélaga á Austurlandi, fundur nr. 9, starfsárið 2012-2013, dags. 9. ágúst 2013.

a.12 Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, stjórnarfundur, dags. 19. ágúst 2013.

**b) Lagafrumvörp-umsagnir**

b.1 Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003.

Eftirfarandi umsögn samþykkt:

*„Stjórn samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra mótmælir harðlega þeim áformum sem uppi eru að opna á heimildir til Póst- og fjarskiptastofnunar að leyfa rekstrarleyfishöfum í pósthjónustu að fækka dreifingardögum pósts til einstaklinga og fyrirtækja í dreifbýli. Til þessa hefur rekstraradilum í alþjónustu verið skylt að bjóða póstdreifingu alla virka daga en með breytingunum er horfið frá því fyrirkomulagi og opnað á heimildir til þess að póstdreifing á dreifbýlum svæðum fari einvörðungu fram annan hvern virkan dag. Sú breyting er óviðunandi fyrir þá sem búa í dreifbýli og greiða sömu gjöld fyrir pósthjónustu og aðrir. Jafnframt dregur skerðing þjónustu úr lífsgæðum og atvinnumöguleikum á dreifbýlum svæðum“.*

b.2 Drög að frumvarpi þar sem lögð er til breyting á 51. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Umsagnar óskað fyrir 6. september 2013. Ekki send umsögn frá SSNV.

c) Northern Periphery Program, fundur um áherslur 2014-2020

Framkvæmdastjóri skýrði frá boði á fund sem fram fer í Svíþjóð 19. september nk. Á fundinum verður farið yfir og unnið með útfærslu á áherslum Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins 2014 – 2020 en SSNV hefur oftast en einu sinni unnið að verkefnum á vettvangi áætlunarinnar.

Ráðgert er að framkvæmdastjóri fylgi áfram eftir áherslum stjórnar varðandi verkefni er lúta að fjölbreytilegum atvinnu- og búsetumöguleikum fyrir ungt fólk og konur í dreifbýli.

d) Nordregio verkefni – gestir frá Færeyjum

26. – 28. ágúst 2013 tekur SSNV á móti hópi frá Færeyjum í kynnis- og fundaðerð varðandi atvinnusköpun í dreifbýli. Verkefnið hefur áður verið kynnt óformlega. Um er að ræða samstarfsverkefni sem milli landanna tveggja sem hlaut styrk frá Nordregio. Verkefninu lýkur á þessu ári en mögulega verður sótt um framhaldsverkefni.

e) Ársþing í öðrum landshlutum. Fyrir liggja tilkynningar og boð á ársþing landshlutasamtaka sveitarfélaga í öðrum landshlutum:

Fjórðungsþingi Vestfirðinga sem halda átti í vikulokin hefur verið frestað vegna slæms veðurútlits. Áformað er að það verði haldið 27. – 28. september nk.

Yfirlit yfir fundi landshlutasamtaka má sjá á vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga á slóðinni: <http://www.samband.is/um-okkur/a-dofinni/>

f) Stjórn SSNV áætla að fastir fundardagar í vetur verði að jafnaði fyrsta mánudag í hverjum mánuði eða eftirfarandi:

Mánudagur 16. september 2013

Mánudagur 7. október 2013

Mánudagur 4. nóvember 2013

Mánudagur 2. desember 2013

Mánudagur 7. janúar 2014

Mánudagur 3. febrúar 2014

Mánudagur 3. mars 2014

Mánudagur 7. apríl 2014

Mánudagur 5. maí 2014

Fyrir liggur að funda þarf um miðjan september og er stefnt að því að hann fari fram 16. September, annars verði fundir að jafnaði í byrjun mánaðar. Aukafundir verði boðaðir og haldnir eftir því sem verkefni gefa tilefni til.

Fleira ekki tekið fyrir.  
Fundi slitið kl. 15:24.